

Ytra mat leikskóla Tröllaborgir Akureyri

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Ragnhildur Hauksdóttir
© Námsmatsstofnun, 2013.

ISBN 978-9935-433-26-8

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Tröllaborgir	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	8
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008	9
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans	9
Skólafélag og áherslur sveitarfélagsins	9
Skólanámskrá	10
Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá	10
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	10
Stjórnun og starfsmannamál	12
Stjórnskipulag og skipurit	12
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál	13
Uppeldi, menntun og umönnun	13
Leikföng og efniviður	14
Líðan barna	14
Lýðræði og mannréttindi	14
Samskipti og hegðun.	15
Skólaþróun	15
Skólabragur og samskipti	16
Starfsandi	16
Jafnrétti	17
Innra mat	18
Mat á námi og velferð barna	20
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Foreldraráð og foreldrafélag	21
Samstarf leik- og grunnskóla	21
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	22
Samantekt	23
Helstu styrkleikar leikskólans Tröllaborga	23
Tækifæri til umbóta	25
Lokaorð	26
Heimildir	27

Samantekt á niðurstöðum

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Tröllaborgum á Akureyri sem framkvæmt var á haustönn 2013. Þættirnir sem lagt var mat á voru: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga og sérkennsla.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Tröllaborga hófst 19. ágúst 2004. Leikskólinn hefur frá upphafi starfað samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem finna má í öllu starfi leikskólans. Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnsins. Í leikskólanum fer fram mikið hópastarf þar sem börnin læra að leika og starfa saman. Lögð er áhersla á að efla félagsfærni og að styrkja börnin til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Húsnæði leikskólans er rúmgott og vel nýtt fyrir börn og starfsfólk. Starfsfólk hefur leitað ýmissa leiða til að bæta hljóðvist á leiksvæðum. Leikskólinn er vel mannaður af leikskólakennurum. Útileiksvæði leikskólans er illa staðsett í skugga af níu hæða húsi og á vetrum myndast mikið svell á leiksvæði barnanna.

Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans Tröllaborga var unnin árið 2007 og hefur síðan verið í stöðugri endurskoðun. Skólanámskrá uppfyllir skilyrði aðalnámskrár frá árinu 1999, laga um leikskóla nr. 90/2008 og skólastefnu Akureyrarbæjar. Skólanámskráin er vel útfærð og aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í undirbúningi er endurskoðun skólanámskrár út frá áherslum í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 en eiginleg vinna við það er ekki hafin. Ákveðið er að allir starfsmenn komi að þeirri endurskoðun en huga þarf að aðkomu barna og foreldra að þeirri vinnu.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Góð samvinna er milli stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins. Verkaskipting milli stjórnenda er skýr. Reglur um ákvarðanatöku er skýrar og sátt ríkir að flestu leyti um stjórnun leikskólans. Skipurit leikskólans er skýrt. Leikskólinn gerir starfsáætlun sem er á heimasíðu, allir starfsmenn fara reglulega í starfsþróunarsamtal og til er móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Skipulag funda er í góðu lagi. Gera þarf skriflega ferla varðandi sérkennslu og verkferla um ákvarðanatöku innan leikskólans.

Uppeldi, menntun og umönnun

Starfsemi leikskólans byggir á ákveðinni hugmyndafræði sem er vel sýnileg í öllu starfi leikskólans. Áherslur hugmyndafræðinnar má sjá í samskiptum starfsmanna við börnin og í samskiptum milli barnanna. Foreldrar í rýnihópi sögðu að áherslur hennar bærust líka inn á heimilin. Mikið af vinnu leikskólans fer fram í hópastarfi og valkerfi stýrir leiktíma barnanna. Námsumhverfi og aðbúnaður styður við uppeldi og menntun barnanna og húsnæði er vel nýtt. Lögð er áhersla á umhyggju og góða líðan barnanna og foreldrar upplifa að vel sé fylgst með framförum þeirra. Andrúmsloft leikskólans er afslappað og þægilegt og stöðugt er rýnt í starfshætti innan hans og leitað leiða til úrbóta ef með þarf. Skoða mætti hvort frjáls leikur fær nægilegt rými í dagskipulaginu og hvort auka mætti frjálst flæði barna í leik. Einnig mætti skoða leiðir til að auka sjálfstæði barna varðandi skapandi starf.

Skólabragur og samskipti

Skólabragur einkennist af almennri virkni starfsfólksins við að vinna samkvæmt aðferðum AGN-sins (**Aukin gæði náms**) að því að styrkja þætti í stjórnskipulagi skólans og í starf á deildum til að stuðla að árangursríkara námi barna og kennara og styrkja innviði leikskólans. AGN-ið er þróunarverkefni sem unnið var í samvinnu við ráðgjafa frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri og hefur það tvíþætta markmið að stuðla að árangursríkara námi nemenda og kennara, jafnframt því að styrkja innviði skólans sem stofnunar. Lífsleiknihugmyndafræðin er sýnileg í öllu starfi leikskólans og ákvarðanatöku innan hans. Í gangi er sérstakt átak til að bæta starfsandann þar sem starfsfólk og stjórnendur töldu hann ekki nægilega góðan. Leikskólinn starfar samkvæmt jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar en huga mætti að því hvort leikskólinn ætti að setja sér sína eigin stefnu í jafnréttismálum.

Innra mat

Í leikskólanum er áherslan í innra mati á samstarfi starfsfólks og skólaþróun. Á grundvelli matsins er gerð umbótaáætlun. Ytra mat er unnið af leikskólaráðgjafa sem metur innra starfið árlega út frá ákveðnum þáttum í skólanámskrá. Skoða mætti hvort hægt sé að nýta AGN-ið betur til að meta starfsaðferðir starfsfólks og leita ætti leiða til að fá börn og foreldra að mati á leikskólastarfinu.

Mat á námi og velferð barna

Leikskólinn vinnur kerfisbundið mat á líðan og framförum barna með félagslegri námskrá, færniskema og skráningu í ferilmöppur.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Aðgangur leikskólans, barna og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og góð samvinna er á milli leikskólans og skóladeildar bæjarins. Í leikskólanum eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir börn með skilgreinda fötlun. Sérkennslustjóri starfar í leikskólanum og ber ábyrgð á sérkennslunni. Gott samstarf er milli leikskólans og heilsugæslu bæjarins. Ekki er til skriflegur ferill varðandi framkvæmd sérkennslu innan leikskólans og er þörf á að bæta úr því. Einnig mætti leita leiða til að auka aðkomu foreldra að einstaklingsnámskrárgerð.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Tröllaborgum á Akureyri. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Ragnhildi Birnu Hauksdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 11.-13. nóvember 2013. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir átta matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og rekstur, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru viðmið mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga voru einnig höfð til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarf, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 7. nóvember á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Úttektaraðilar mættu í leikskólann 11. nóvember og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Haldnir voru rýnihópafundir með starfsmönnum á deild, deildarstjórum, börnum í elsta árgangi leikskólans og foreldrum. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá voru tekin einstaklingsvíðtöl við leikskólastjóra og sérkennslustjóra sem jafnframt er aðstoðarleikskólastjóri. Einnig var haft samband við formann skólanefndar.

Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjú daga 11.-13. nóvember 2013. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja stund. Leikskólastjóri hitti matsmenn í lok hvers dags og matsmenn áttu spjall við kennara á vettvangi. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn og unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er víðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

² Skólanámskrá, starfsáætlun, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun, matsáætlun, dagskipulag, heimasíða Tröllaborga, heimasíða Akureyrarbæjar, símenntunaráætlun. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

fram fer í skólanum.

Leikskólinn Tröllaborgir

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Tröllaborga hófst 19. ágúst 2004. Leikskólinn er staðsettur við Tröllagil 29 og var upphaflega byggður af Félagsstofnun stúdenta á Akureyri en Akureyrarbær hefur séð um rekstur hans frá upphafi. Leikskólinn er opin frá kl. 7:45 – 16:15.

Leikskólinn er í 685 m² húsnæði á tveimur neðstu hæðunum í níu hæða blokk. Í leikskólanum dvelja 92 börn á aldrinum eins og hálf til fimm ára, 38 stúlkur og 54 drengir. Börnunum er skipt á fjórar deildir sem heita Berg, Hvammur, Lækur og Móar. Á yngri deildum eru 17 og 21 barn og á eldri deildum 35 börn á hvorri deild. Að meðaltali eru fjögur til fimm börn í hóp á yngri deildum en átta til níu á eldri deildum. Í Tröllaborgum eru tvö börn með annað móðurmál en íslensku, fjögur börn með skilgreindan stuðning hálfan eða heilan dag og er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þau. Yngstu börnin í leikskólanum, þ.e. tveggja ára eða yngri eru 16 talsins, 31 barn er þriggja ára, 23 börn eru fjögurra ára og 22 börn eru fimm ára.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 27 starfsmenn í 20 stöðugildum. Hlutfall leikskólakennara af starfsmönnum á deildum er 80,6%. Stjórnunarhlutfall í Tröllaborgum er 130%. Aðrir starfsmenn utan deilda eru matreiðslumeistari og aðstoðarmaður í eldhúsi. Í Tröllaborgum starfa tveir karlmenn; einn leiðbeinandi og matreiðslumeistari. Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.³

Starfsmannavelta

Í leikskólanum hefur verið talsverð starfsmannavelta undanfarin ár. Leikskólastjóri fór í veikindaleyfi haustið 2013 og tveir starfsmenn eru í fæðingarorlofi. Á árinu hafa átta starfsmenn byrjað í leikskólanum í stað þeirra sem hafa hætt eða farið í leyfi á árinu.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁴ Hver deild hefur til umráða leikstofu, hvíldarherbergi og snyrtingu. Auk þess er sameiginlegt rými á fyrstu hæð sem búið er tækjum til hreyfileikja, listaskáli á efri hæð og rými á göngum. Aðstaða fyrir starfsmenn skiptist í skrifstofu leikskólastjóra, skrifstofu sérkennslustjóra, sérkennsluherbergi, kaffistofu, aðstöðu fyrir undirbúningsvinnu, tónlistarherbergi og viðtalsherbergi. Samkvæmt viðtölum við leikskólastjóra og stjórnendur eru starfsmenn ánægðir með húsnæðið. Starfsfólk hefur unnið að því að bæta hljóðvist leikskólans með því að hafa mottur á gólfum og dúka á borðum.

³ Lög um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Útileiksvæði

Útileiksvæði í Tröllaborgum snýr í norður við níu hæða blokk og því er alltaf skuggi á leiksvæðinu og vindstrengur af blokkinni. Leiksvæðið er rúmgott og býður upp á fjölbreytta leiki og vinnu en að vetri til safnast mikið svell á leiksvæðið sem veldur börnum og starfsfólki erfiðleikum.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Skólanámskrá var endurskoðuð og uppfærð og stofnað foreldraráð við leikskólann.

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Yfirvinna starfsfólks var skorin niður og þar með allir starfsmannafundir utan hefðbundins vinnutíma. Bætt var við einum starfsmannafundi á önn vegna námskrárvinnu. Sett var á reglu um að leikskólakennarar mættu ekki vera yfir 90% af hlutfalli starfsmanna.

Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Akureyrarbær hefur sett sér skólastefnu sem gildir fyrir leikskóla og grunnskóla. Hornsteinar skólastefnunnar eru: Þekking, leikni, virðing, vellíðan. Í samtali við formann skólanefndar kom fram að fræðsluyfirvöld hafa eftirlit með hvernig skólar uppfylla skólastefnu, meðal annars með því að fylgja eftir sjálfsmati skólanna. Einnig kom fram að skólastefnan er í sífelltri endurskoðun þar sem skólastjórar og aðrir fulltrúar leikskóla leggja sitt af mörkum. Á Akureyri er starfrækt fjölskyldudeild sem veitir þjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum, lögum um málefni fatlaðs fólks, grunnskólalögum og lögum um leikskóla. Starfrækt er skóladeild sem er þjónustustofnun fyrir leikskóla og grunnskóla á Akureyri.⁵ Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leikskólans

Uppeldisleg sýn leikskólans byggir á hugmyndafræði lífsleikninnar **hugur, hjarta, hönd**. Hugmyndafræðin er afrakstur þriggja ára þróunarverkefnis sem unnið var að í þremur leikskólum á Akureyri. Skýrsla um verkefnið kom út árið 2006 og kallast **Lífsleikni í leikskóla**.⁶ Leikskólinn hefur starfað samkvæmt þessari stefnu frá stofnun hans. Lífsleiknistefnan er byggð á kenningum ýmissa fræðimanna sem snúa að mannrækt og siðferðilegu gildismati í samfélagi manna og þeirri trú að efla skuli og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi, bæði börnum og fullorðnum. Unnið er með tólf dyggðir og er ein dyggð tekin fyrir á hverri önn. Dyggðirnar eru: ábyrgð og áreiðanleiki, glaðværð, hjálpssemi, hófsemi, hugrekki, kurteisi, samkennd, sköpunargleði, vinsemd, virðing og þolinmæði. Jóga með börnum er einnig fléttað inn í starfið og hugmyndafræði lífsleikninnar. Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem leið til náms og þroska. Hlutverk starfsmanna er að fylgjast með leik barnanna og vera reiðubúnir til að taka þátt í honum á forsendum þeirra. Í starfi leikskólans er lögð áhersla á hópastarf þar sem börnin læra að leika og starfa saman í hópi. Þar gefst tækifæri til að efla félagsfærni og styrkja börnin til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Lögð er áhersla á að horfa á þarfir hvers og eins og að börnin njóti þess að leika saman. Grunnþema á öllum deildum er **barnið – ég sjálf/ur, fjölskyldan og nánasta umhverfi**. Deildirnar útfæra þemaverkefnið eftir aldri barnanna. Að sögn starfsmanna eru þeir vel upplýstir um hugmyndafræði og sýn leikskólans en þeir sem elstir eru í starfi komu að mótun hennar. Foreldrar sögðust þekkja hugmyndafræðina og lýstu yfir ánægju með dyggðavinnuna sem skilaði sér heim með börnunum.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur frá upphafi starfað samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem samræmist hornsteinum í skólastefnu Akureyrarbæjar.
- Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barna.

⁵ Heimasíða Akureyrarbæjar

⁶ Heimasíða Akureyrarbæjar

- Lögð er áhersla á að efla félagsfærni og styrkja börnin til að taka sjálfstæðar ákvarðanir.
- Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- Húsnæði leikskólans er rúmgott og vel nýtt fyrir börn og starfsfólk.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að bæta aðstæður á útileiksvæði yfir vetrartímann.

Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans var unnin árið 2007 og uppfyllir skilyrði aðalnámskrár frá árinu 1999, laga um leikskóla nr. 90/2008 og skólastefnu Akureyrarbæjar. Upphaflega tóku allir starfsmenn leikskólans þátt í vinnu við gerð námskrárinnar. Að sögn leikskólastjóra hefur námskráin verið í stöðugri endurskoðun frá upphafi.⁷ Námskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og einnig liggur frammi eintak af henni við inngang leikskólans. Undirbúningur er hafinn að endurskoðun námskrárinnar í samræmi við áherslur í nýrri aðalnámskrá leikskóla en eiginleg vinna er ekki farin af stað.

Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá

Í skólanámskrá segir að allt starf mótist af hugmyndafræði lífsleikninnar, **hugur, hjarta, hönd**, og mikil áhersla er lögð á að starfsmenn og börn nái að tileinka sér það viðhorf og þá leikni sem þarf til að verða góð og fróð manneskja í nútíma samfélagi.⁸ Dyggðirnar tólf sem áður eru upp taldar eru helsta einkenni uppeldislegrar sýnar leikskólans. Í vettvangsathugun kom í ljós að vinna með dyggðirnar er mjög sýnileg í öllu starfi og ljóst að sú vinna er markviss. Að sögn deildarstjóra er í upphafi hveðrar annar farið yfir dyggðavinnuna á starfsmannafundi og allir tileinka sér þau hugtök sem dyggðinni fylgja. Gerður er hugmyndabanki að verkefnum í tengslum við söng, myndlist og annað leikskólastarf. Í rýnihópi starfsmanna kom einnig fram að stefna leikskólans er rædd á starfsmannafundum. Lögð er áhersla á að setja upplýsingar um það sem verið er að vinna með hverju sinni á vegg leikskólans svo það sé sýnilegt öllum.⁹ Í vettvangsathugun mátti sjá hvernig hugmyndafræði og uppeldissýn leikskólans kemur fram í starfinu með börnunum. Allstaðar mátti heyra starfsmenn minna börnin á hjálpssemi og kurteis, bæði í orði og verki, en hjálpssemi var dyggð haustannar 2013. Börnin, allt frá yngstu til elstu, þekktu merkingu þess að vera hjálpsamur og kurteis. Sjá mátti elstu börnin hjálpa þeim yngri, m.a. í fataklefanum og stiga og öðru hvoru heyrðist þegar þau minntu hvert annað á að vera hjálpleg eða kurteis. Allir foreldrar í rýnihópi voru sammála um að dyggðirnar skiluðu sér heim og sagði einn faðir að oft heyrðust setningar á borð við: „þetta er nú ekki kurteis“ eða „nú ertu ekki hjálpsamur.“¹⁰ Í vettvangsathugun mátti sjá að starfsmenn höfðu góða yfirsýn yfir barnahópana og veittu hverjum og einum fulla athygli og umhyggju.

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Vinna við endurskoðun á námskrá er ekki að fullu hafin en þó er ljóst að allir starfsmenn munu koma að þeirri vinnu og verður núverandi skólanámskrá aðlöguð að áherslum í nýrri aðalnámskrá leikskóla. Nú þegar hefur starfsfólki verið skipt upp í hópa fyrir þessa vinnu og hver hópur hefur fengið sitt verkefni. Þegar starfsfólk var spurt um aðkomu foreldra og barna að endurskoðun nýrrar námskrár var

⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

⁸ Skólanámskrá Tröllaborga.

⁹ Rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og við starfsmenn.

¹⁰ Rýnihópaviðtal við foreldra.

ekki komin mótuð sýn á það en í rýnihópi deildarstjóra kom fram að starfsfólk þyrfti að vinna ákveðna grunnvinnu áður en hægt væri að taka tillit til sjónarmiða barna og foreldra. Deildarstjórar töldu að auðvelt væri að virkja elstu börn leikskólans í slíkri vinnu en leita þyrfti leiða til að fá fram sjónarmið þeirra yngstu. Leikskólastjóri taldi það spennandi verkefni að taka tillit til sjónarmiða barna og að hans sögn vita þau oft meira en þeir fullorðnu halda.¹¹

Styrkleikar

- Skólanámskrá leikskólans er mjög aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Skólanámskrá er vel útfærð og í henni koma fram raunhæf markmið og leiðir.
- Hugmyndafræði og stefna leikskólans er vel sýnileg í starfi leikskólans.
- Foreldrar upplifa að vinnan með börnunum í leikskólanum skili sér heim.
- Allir starfsmenn koma að endurskoðun námskrár.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að aðkomu foreldra og barna að nýrri skólanámskrá.
- Ljúka þarf við gerð nýrrar skólanámskrár fyrir árið 2015.

¹¹ Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópaviðtal við deildarstjóra og við starfsmenn.

Stjórnun og starfsmannamál

Akureyrarbær sér um rekstur leikskólans og rekur skóla- og sérfræðipjónustu í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 548/2010 og 986/2010.¹² Skóladeild er þjónustustofnun fyrir leikskóla og grunnskóla Akureyrar. Þar starfar fræðslustjóri ásamt fulltrúum og ráðgjöfum fyrir leik- og grunnskóla. Skóladeild fer með yfirstjórn leikskólamála, fjármál, áætlanagerð, innritun barna, skipulagsmál og ráðgjöf. Leikskólaráðgjafi á skóladeild er faglegur ráðgjafi leikskólastjóra og starfsfólks leikskólanna um málefni einstakra barna.¹³ Hann kemur í eina til tvær heimsóknir á ári í leikskólana og sér einnig um innritunarmál.¹⁴ Yfirmaður skóladeildar, leikskólaráðgjafi og leikskólafulltrúi funda einnig hálfsmánaðarlega með leikskólastjórum. Leikskólastjórar í hverfum funda reglulega með leikskólaráðgjafa. Akureyrarbær hefur einnig staðið fyrir stjórnendafræðslu fyrir stjórnendur bæjarins.¹⁵ Á skóladeild geta leikskólastjórar leitað aðstoðar vegna rekstrarlegra þátta og almennra stjórnunarþátta. Einnig er þar hægt að fá ráðgjöf vegna innra skipulags á deildum og samskiptamála innan skólans. Í Háskólanum á Akureyri er hægt að sækja um aðstoð vegna ýmiskonar mála sem snúa að skólaþróun. Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi leikskólans og ber rekstrarlega ábyrgð gagnvart rekstraraðila. Hann ber ábyrgð á að mótuð sé stefna í uppeldis- og menntamálum skólans og er leiðandi í faglegu starfi. Næsti yfirmaður leikskólastjóra er leikskólafulltrúi.¹⁶ Formaður skólanefndar nefndi að rekstur leikskólans væri til fyrirmyndar, þar væri góð starfsmannastjórnun og til nefndarinnar hefðu ekki borist nein erindi eða athugasemdir vegna starfsins.

Núverandi leikskólastjóri Tröllaborga hefur starfað sem leikskólastjóri frá því í september síðastliðnum en áður starfaði hann sem aðstoðarleikskólastjóri frá opnun leikskólans, utan síðustu tveggja ára vegna námsleyfis. Samkvæmt samtali við leikskólastjóra segir hann hlutverk sitt fyrst og fremst vera að stjórna leikskólanum bæði faglega og rekstrarlega. Verkaskipting hefur breyst nokkuð á síðustu árum og hefur aðstoðarleikskólastjóri tekið að mestu yfir starfsmannamál, deilir niður undirbúningstíma og raðar fólki almennt niður á deildir. Aðstoðarleikskólastjóri er aðstoðarmaður leikskólastjóra og staðgengill í fjarveru hans. Af 100% starfshlutfalli er aðstoðarleikskólastjóri í 30% stjórnunarstöðu, 50% í stöðu sérkennslustjóra og 20% vegna afleysinga á deild. Starfslýsing er til fyrir aðstoðarleikskólastjóra og hefur hann meðal annars umsjón með húsbúnaðar- og slysaskráningum auk áðurgreinds hlutverks varðandi mannaforráð.¹⁷

Í leikskólanum er lögð áhersla á gott samstarf og dreifða ábyrgð meðal allra starfsmanna. Unnið er eftir leiðum AGN-sins til að stuðla að þátttöku allra, bæði í ákvarðanatöku og verkefnum, auk þess að virkja leiðtoga til að vera í forsvari fyrir verkefnum hverju sinni. Upplýsingastreymi og boðleiðir innan leikskólans eiga að vera skýrar og öllum kunnar.¹⁸ Hlutverk deildarstjóra er að deila verkefnum á deildum, nýta mannauðinn og upplýsa leikskólastjóra um stöðu mála. Aðstoðarleikskólastjóri veitir starfsmönnum leyfi ef þess er óskað en ef óskað er eftir leyfi hluta úr degi er leitað til deildarstjóra.¹⁹

Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit leikskólans er birt í ársskýrslu leikskólans. Skipuritið samræmist lögum og reglugerðum og endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í leikskólanum. Starfspróunarsamtöl eru árlega fyrir alla starfsmenn. Deildarstjórar taka samtölin við starfsmenn deilda en leikskólastjóri við stjórnendur og starfsmenn utan deilda. Sex starfsdagar eru á ári, fjórir teknir heilir og fjórir hálfir. Deildarstjórafundir eru á tveggja vikna fresti. Fundirnir eru boðaðir með formlegri dagskrá og fundargerðir eru ritaðar og þeim síðan skilað til leikskólastjóra.²⁰ Að sögn leikskólastjóra eru til verkferlar um verkaskiptingu aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra en ekki varðandi samskipti við deildarstjóra.²¹

¹² Reglugerð um sérfræðipjónustusveitarfélagavið leik- og grunnskóla og nemendaverndarráði grunnskólum nr. 584/2010 með breytingum nr. 986/2010

¹³ Foreldrahandbók Tröllaborga 2012.

¹⁴ Ársskýrsla Tröllaborga 2011-2012.

¹⁵ Viðtal við leikskólastjóra og formann skólanefndar.

¹⁶ Skólanámskrá Tröllaborga.

¹⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁸ Skólanámskrá Tröllaborga.

¹⁹ Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

²⁰ Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

²¹ Viðtal við leikskólastjóra.

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gefur út starfsáætlun ár hvert eins og lögbundið er. Starfsáætlun er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Þar er farið yfir helstu þættina í starfsemi leikskólans á skólaárinu og birtar ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagðið. Fram kemur í starfsáætlun að skólalagatal leikskólans er afhent foreldrum að hausti ásamt fréttabréfi þar sem fram kemur það helsta um skipulag deilda. Leikskólinn hefur skilað ársskýrslu fyrir s.l. skólaár. Skrifleg starfsmannastefna er í leikskólanum og í henni er lögð áhersla á að starfsmönnum líði vel, að allir starfi í anda lífsleikinnar og sýni hlýlegt og vingjarnlegt viðmót. Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, áfallaáætlun og símenntunaráætlun og viðbragðsáætlun vegna heimsútbreiðslu inflúensu. Eineltisáætlun Akureyrarbæjar og fjölmenn-ingarstefna gildir fyrir leikskólann og í vinnslu hjá bænum er forvarnarstefna sem mun einnig gilda fyrir leikskólann. Að sögn leikskólastjóra er markmiðið að halda áfram að þróa þá lausnarmiðuðu nálgun sem starfsmannahópurinn er þegar farinn að tileinka sér.²²

Styrkleikar

- Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samvinna stjórnenda leikskólans og fulltrúa sveitarfélagsins er góð og þessir aðilar funda reglulega.
- Skrifleg starfslýsing er til fyrir aðstoðarleikskólastjóra.
- Skýr verkaskipting er milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Ákvarðanatöku er í höndum leikskólastjóra og stjórnendateymis.
- Að flestu leyti ríkir sátt um stjórnun leikskólans.
- Til er skipurit fyrir leikskólann.
- Allir starfsmenn fara reglulega í starfsþróunarsamtal.
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans.
- Fundir er vel undirbúnir og fundargerðir ritaðar.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf skriflega ferla varðandi sérkennslu innanhúss.
- Gera þarf skriflega verkferla um ákvarðanatöku innan leikskólans.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla er að finna áherslu á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Þar segir: *Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.*²³

Í daglegu starfi leikskólans Tröllaborga er lögð áhersla á leikinn sem aðal námsleið barnanna. Í leikskólanum er dagskipulag þar sem gert er ráð fyrir fastri útiveru tvisvar á dag, skipulögðu hópastarfi og frjálsum leik barnanna. Á hverri deild er stundaskrá þar sem er gerð grein fyrir starfi deildanna. Unnið er með börnunum í litlum hópum stóran hluta dagsins. Á yngri deildum fá börnin ákveðið leikfni undir stjórn starfsmanna. Á vettvangi sáu úttektaaðilar að húsið var vel nýtt til frjálsra leikja þannig að hluti barnanna var úti á meðan hin nýttu rýmið innandyra. Á eldri deildum er val þar sem börnin velja leiksvæði eftir ákveðnu kerfi. Ekki var sama fyrirkomulag á báðum deildum. Á annarri

²² Viðtal við leikskólastjóra.

²³ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

deildinni sátu börnin í röð þar til allir höfðu valið en á hinni deildinni gátu þau setið við borð, kennari kallaði svo upp bókstaf og völdu þau börn sem þann staf áttu sér svæði. Börnin fóru svo beint á það svæði sem þau völdu sér og með þessu fyrirkomulagi virtist valstundin afslappaðri og jákvæðari fyrir börnin. Í vettvangsathugun kom í ljós að ekki var mikið um frjálst flæði barna í leik og frjáls listsköpun fékk ekki mikið rými. Lögð er áhersla á umhyggju í starfi með öllum börnum. Eldri börnin fá einnig æfingu í sjálfstyrkingu og öryggi. Þau æfa sig í að koma fram fyrir framan hóp og að sögn deildarstjóra í rýnihópi hafa kennarar í grunnskólanum tekið sérstaklega eftir því hversu sjálförugg börnin frá Tröllaborgum eru.²⁴

Leikföng og efniviður

Í Tröllaborgum er lögð áhersla á opinn efnivið sem býður börnunum upp á að útfæra eigin hugmyndir á margskonar vegu, s.s. kubba, leir, sand, vatn, sandleir og ýmislegt annað til hlutverka-, sköpunar- og byggingaleikja. Bókakostur leikskólans er ríkulegur og bækur allsstaðar aðgengilegar börnunum. Úttektaraðilar vekja þó athygli á að í listasmiðju voru verkefni nokkuð afmörkuð og stýrð þrátt fyrir frjálsan val tíma barnanna og fjölbreytt úrval af skapandi efnivið. Lögð er áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi, bók- og tölustafir eru vel sýnilegir í umhverfinu.

Líðan barna

Áhersla er lögð á starfsemi og umhverfi sem stuðlar að góðri líðan barna. Hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskólans endurspeglar umhyggju fyrir líðan allra. Í rýnihópi barna var spurt um líðan en fimm börn af sjö í hópnum sögðu að þeim liði mjög vel í leikskólanum en tvö svöruðu að þeim liði stundum illa og vildu þá fara heim.²⁵ Markvisst er fjallað um mismunandi tilfinningar í leikskólanum og börnin fá að tjá líðan sína. Samkvæmt rýnihópi deildarstjóra notar starfsfólk frjálsan leik barnanna til að skoða líðan þeirra og fylla út í félagslegu námskrá barnsins út frá vinnulagi AGN-sins. Þannig er til að mynda hægt að átta sig á ef barn er í hliðarleik og hægt að styðja þannig við að börnin komist úr samhliða leik yfir í samleik.²⁶ Foreldrar eru ánægðir með hvernig fylgst er með framförum barnins og farið yfir í foreldraviðtölum. Foreldrar í rýnihópi töldu þó að huga mætti að því hvort elstu börnin fengju nægilega ögrandi verkefni. Í rýnihópi kom fram ánægja með aðlögunartíma barna í leikskólanum og hefur leikskólinn gert skriflegan feril um aðlögunina.²⁷

Lýðræði og mannréttindi

Valkerfi leikskólans er rammi utan um frjálsan leik barnanna og byggir á þeirri hugmynd að börnin læri af eigin áhugahvöt og er þeim gefið ákveðið leiksvæði eða starf til að víkka þessa innri áhugahvöt sína.²⁸ Í rýnihópi barna kom fram að þau upplifðu að þau hefðu val um viðfangsefni sín þegar þau væru í frjálsum leik sem þau nefndu „val“. Þau sögðust fá að skipta ef þau væru orðin leið í því sem þau væru að gera hverju sinni, en þó aðeins einu sinni. Þau upplifðu einnig að dagskipulagið byði upp á að þau mættu ráða við hvern þau léku. Börnin þekktu þær reglur sem gilda í leikskólanum og töldu þær sanngjarnar.²⁹ Börnin skiptast á að vera veðurfræðingur dagsins. Áður en farið er út gáir veðurfræðingurinn til veðurs og sýnir hinum börnunum myndrænt hvernig skuli klæðast fyrir útiveruna.³⁰

Í viðtali sagði leikskólastjóri að stundum hefðu börnin ekki næg tækifæri til að vera landkönnuðir og það helgaðist oft af tímaleysi. Leikskólastjóri telur að skoða þurfi hvort nægur tími sé gefinn fyrir frjálsa leikinn í starfinu og að ekki hafi verið nægilega leitað eftir hugmyndum barnanna, þau eigi

²⁴ Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

²⁵ Rýnihópaviðtal við börn.

²⁶ Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

²⁷ Rýnihópaviðtal við foreldra.

²⁸ Starfsáætlun Tröllaborga.

²⁹ Rýnihópaviðtal við börn.

³⁰ Starfsáætlun Tröllaborga.

að fá meiri tækifæri til að prófa sig áfram og gera tilraunir.³¹ Ekki hefur verið leitað sérstaklega eftir sjónarmiðum barna varðandi starf leikskólans en stjórnendur telja að það verði tekið til greina við gerð nýrrar skólanámskrár.³²

Samskipti og hegðun

Börnin í Tröllaborgum eru glöð og áhugasöm og finnast gaman í leikskólanum, að því er matsmenn sáu í vettvangsathugunum. Samskipti barnanna voru góð og lítið um árekstra. Þegar upp kom ágreiningur á milli barna á eldri deild leysti kennari vel úr honum á uppbyggilegan hátt. Í vettvangsathugun mátti einnig sjá hvernig börnin hjálpuðust að og eldri börnin hjálpuðu þeim yngri. Ein forstofa er fyrir öll börn leikskólans og hefur því verið gerð sérstök áætlun fyrir þær áherslur sem þar eiga að ríkja. Þar segir að börnin fái góðan tíma og njóta stuðnings og þolinmæði hinna fullorðnu svo þau megi ná leikni við að klæða sig í og úr útifötunum og ganga frá eftir sig.³³ Leikskólanum hefur tekist að skapa afslappað andrúmsloft í forstofunni og börnin fara í röð til að fá aðstoð. Jákvæð samskipti voru ríkjandi á milli barna og fullorðinna. Að sögn leikskólustjóra er stefnan að innleiða einhverja agastefnu sem myndi samrýmast því starfi sem fyrir er.³⁴

Skólaþróun

Leikskólinn vann þróunarverkefni í mati og skólaþróun á árunum 2005-2007 sem nefnist AGN - **Aukin gæði náms**. AGN-ið var tveggja ára þróunarverkefni sem unnið var í samvinnu við ráðgjafa frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri. Verkefnið fólst í því að styrkja þætti í stjórnskipulagi skólans og í starfi á deildum og hefur það tvíþætta markmið að stuðla að árangursríkara námi nemenda og kennara, jafnframt því að styrkja innviði skólans sem stofnunar. Leitast er við að flétta saman sjálfsmat og skólaþróun með því að meta gæði og árangur náms og ákveða forgangsverkefni í skólaþróun á grundvelli þess sem matið leiðir í ljós. Með forgangsverkefnunum er leitast við að styrkja lykilþætti í stjórnskipulagi skóla og mikilvægustu einkenni góðra starfshátta í kennslustofunni.³⁵ Allt mat á skólastarfi og umbætur í kjölfar innra mats er unnið með aðferðum AGNsins. Að sögn leikskólustjóra og starfsmanna, var farið í sérstakar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem varða móttöku barna og brottför þeirra. AGN-ið var notað sem matstæki til að rýna í starfshætti og gera nauðsynlegar breytingar.³⁶ Það er mat úttektaraðila að notkun þessa matstækis hafi skilað sér í starfinu í ofangreindu þáttum.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á leikinn sem námsleið barnanna.
- Húsnæði leikskólans er vel nýtt fyrir börn og starfsmenn.
- Lögð er áhersla á umhyggju í starfi með öllum börnum.
- Eldri börnin fá æfingu í sjálfstyrkingu og öryggi.
- Leikskólinn er vel búinn leiktækjum og efniviði.
- Bókakostur leikskólans er mikill og bækur vel sýnilegar á deildum.
- Valkerfi heldur utan um frjálsa leikinn og börn upplifa frelsi til að leika sér við félagana sína.
- Börnin þekkja reglur leikskólans og eru sátta við þær.

³¹ Viðtal við leikskólustjóra.

³² Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

³³ Starfsáætlun Tröllaborga .

³⁴ Viðtal við leikskólustjóra.

³⁵ Rósa G. Eggertsdóttir og Jórunn Elísdóttir, 2007.

³⁶ Heimasíða Tröllaborga. Viðtal við leikskólustjóra, rýnihópaviðtal við deildarstjóra og við starfsmenn.

- Áhersla er á góða líðan barna.
- Foreldrum finnst vel fylgst með framförum barna.
- Börnin eru glöð og áhugasöm.
- Andrúmsloft leikskólans er afslappað og þægilegt.
- Stöðugt er rýnt í starfshætti innan leikskólans og leitað leiða til úrbóta ef með þarf.

Tækifæri til umbóta

- Leita mætti leiða til að auka frjálst flæði barna í leik.
- Auka mætti sjálfræði elstu barnanna í skapandi starfi.
- Skoða mætti hvort frjálsi leikurinn fái nægilegt rými í dagskipulaginu.
- Skoða ætti hvort verkefni elstu barnanna höfða til þeirra og hvort þau mættu vera meira krefjandi.

Skólabragur og samskipti

Í leikskólanum er lögð áhersla á gott samstarf og dreifða ábyrgð meðal allra starfsmanna. Að sögn deildarstjóra einkennist skólabragur af lýðræðislegum vinnubrögðum og dyggðum. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að samstarfið í leikskólanum einkenndist af samheldni.³⁷

Starfsmenn sögðu jafnframt að undanfarið hefði allur hópurinn unnið sérstaklega með samskipti og samstarfið í húsinu. Allir hefðu komið að þeirri vinnu og unnið í litlum hópum samkvæmt aðferðafræði AGNsins.

Að sögn leikskólastjóra myndi ólýðræðislegur stjórnunarstíll, þar sem yfirmaður væri einn um ákvarðanatökum aldrei ganga í þessum leikskóla. Í rýnihópum kom fram að hópurinn telur sig almennt í stöðugri þróun og ávallt tilbúinn að gera betur, staldra við og skoða. Stjórnendur sögðu dyggðavinnuna einnig liggja til grundvallar í samskiptum innan starfsmannahópsins, ekki síður en í barnahópnum, starfsmenn tileinka sér hugtök dyggðanna og leggja sig fram við að umgangast aðra með virðingu. Leikskólastjóri taldi að það sem einkenndi vinnubrögð starfsmannahópsins væri lausnamiðuð nálgun AGN-sins og sagði jafnframt að næstu skref væru að hver og einn starfsmaður færi að skoða betur sín áhrif á starfið í tengslum við eigin líðan.³⁸ Í vettvangsathugun kom í ljós hvernig starfsmenn hafa tileinkað sér lýðræðisleg vinnubrögð og nota hugtök dyggðanna í samskiptum við börnin.

Starfsandi

Í Tröllaborgum er stuðlað að ánægju og lífsgleði starfsmanna með því að hittast og skemmta sér saman utan vinnu. Hvatt er til þess að starfsmenn stundi áhugamál sín, nýti t.d. tilboð Akureyrarbæjar í tengslum við líkamsrækt og námskeið í Punktinum. Sérstök áhersla er á að starfsmenn heilsist og taki undir kveðjur með bros á vör, tali saman, hlusti og séu vakandi fyrir því að hrósa og hvetja aðra.³⁹ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að deildastjórar hrósuðu almennt starfsfólki fyrir störf sín og hvettu það áfram.⁴⁰ Í rýnihópi deildarstjóra og starfsmanna kom fram að leikskólastjóri væri hvetjandi og gæfi hrós en mætti þó gera meira af því. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að hann gæfi hrós

³⁷ Rýnihópaviðtal við starfsmenn.

³⁸ Rýnihópaviðtal við deildarstjóra, við starfsmenn og viðtal við leikskólastjóra.

³⁹ Ársskýrsla Tröllaborga 2011-2012.

⁴⁰ Rýnihópaviðtal við starfsmenn.

yfir hópinn en ekki endilega til einstaklinga.⁴¹ Einnig kom fram að ákveðin þreyta hafi verið komin í starfsmannahópinn fyrr á árinu og starfsfólk fann fyrir miklu álagi, meðal annars vegna veikinda og tíðra fjarvista starfsmanna.⁴² Af þessum ástæðum var farið í sérstakar aðgerðir til að byggja upp starfsandann og var vinna við endurskoðun skólanámskrá lögð til hliðar tímabundið á meðan. Sveitarfélagið hefur ekki gert viðhorfskönnun meðal starfsmanna leikskólans síðastliðið ár.

Jafnrétti

Leikskólinn hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisstefnu en starfar í anda jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar. Ákvarðanataka innan leikskólans er alltaf unnin í samráði stjórnenda og starfsmanna og deildarstjórar og starfsmenn í rýnihópum sögðu að allir væru orðnir vanir að nota samtalsaðferðina til að vinna saman.⁴³

Styrkleikar

- Vel hefur tekist að virkja allan starfsmannahópinn í lausnaleytingu með aðferðum AGNsins.
- Dyggðir leikskólans sjást í öllum þáttum starfsins.
- Sérstakar aðgerðir eru í gangi til að bæta starfsanda í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Skoða mætti hvort leikskólinn ætti að setja sér sérstaka jafnréttisstefnu.
- Æskilegt væri að gerð yrði viðhorfskönnun meðal starfsmanna.

⁴¹ Rýnihópaviðtal við deildarstjóra og við starfsmenn.

⁴² Rýnihópaviðtal við deildarstjóra og viðtal við leikskólastjóra.

⁴³ Rýnihópaviðtal við deildarstjóra og við starfsmenn.

Innra mat

Í ársskýrslu 2011-2012 er greint frá innra mati. Þar kemur fram áætlun fyrir veturinn 2011-2012, framkvæmd verkefna og samantekt og áætlun fyrir veturinn 2012-2013.⁴⁴ Matið er unnið með hliðsjón af lögum, reglugerðum, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Akureyrar, að því er segir í skólanámskrá leikskólans.⁴⁵ Í matskýrslu leikskólans er yfirlit yfir þá þætti sem metnir eru yfir fjögurra ára tímabili. Viðfangsefni sjálfsmatsins eru:

- Skólanámskrá – vinna skv. nýrri aðalnámskrá, námsmat
- Starfsáætlun – meta á ný og vinna nánar fyrir hverja deild og hvern hóp
- Nám og námsárangur, s.s. færnischema og félagsleg námskrá, námsaðlögun
- Börnin – líðan, þarfir
- Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska
- Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf
- Stjórnun – rýna í stjórnunarhætti
- Viðmót og menning skóla
- Aðbúnaður
- Samstarf heimila og skóla
- Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið
- Umbótaáðgerðir/þróunarstarf

Innra mat skólans er unnið eftir aðferðafræði AGNsins og metið er eftir kvörðum og matsblöðum sem unnin eru af starfsmönnum.⁴⁶ Verkferlar leikskólans eru nokkuð skýrir í skólanámskrá leikskólans⁴⁷ og þar segir að leitað sé leiða sem miða að úrbótum og nýbreytni í öllu starfi skólans og áhersla sé á að allir komi að umbótastarfi hans og leggi sitt að mörkum. Leikskólaráðgjafi kemur og metur innra starf út frá ákveðnum þáttum námskrárinnar, skýrslu er skilað og í kjölfarið eru umræður, mat og umbætur unnar af starfsmönnum.

Á síðasta starfsmannafundi vorsins ár hvert fer fram mat á starfi og gagnasöfnun vetrarins og línur eru lagðar fyrir komandi skólaár. Verkefnum er forgangsraðað af starfsmönnum, þau afmörkuð og unnin í hópum. Umbótaverkefni eru tímasett og afmörkuð með skilgreindum markmiðum í takt við hugmyndafræði skólans. Áhersla er á að jafnræði ríki í umræðuhópum og að allir hafi tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.⁴⁸ Samkvæmt leikskólastjóra er ákvörðun um hvað á að meta hverju sinni tekin á lýðræðislegan hátt með lausnamiðuðum vinnubrögðum. Tekið er fyrir það sem helst brennur á fólki um það sem þarf úrbóta við. Því næst er starfsmannahópnum skipt upp í minni hópa og forgangsraðað hvað er brýnasta verkefnið.⁴⁹ Starfsmenn í rýnihópi tóku í sama streng en að þeirra sögn er ákvörðun tekin á haustin um hvað skal meta þann veturinn.⁵⁰ Samkvæmt deildastjórum leikskólans ákvarðar stjórnendateymi leikskólans hvaða leiðir skuli fara varðandi mat á einstökum þáttum. Matsáætlun fyrir skólaárið 2012-2013 gerir ráð fyrir að hávaði sé skoðaður sérstaklega og hafa nú þegar verið gerðar töluverðar umbætur til að bæta hljóðvist leikskólans.⁵¹ Einnig er hafin vinna við nýja námskrá leikskólans.⁵²

⁴⁴ Ársskýrsla Tröllaborga 2011-2012.

⁴⁵ Skólanámskrá Tröllaborga.

⁴⁶ Matskýrsla Tröllaborga 2012-2013.

⁴⁷ Skólanámskrá Tröllaborga.

⁴⁸ Skólanámskrá Tröllaborga.

⁴⁹ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

⁵⁰ Rýnihópaviðtal við starfsmenn.

⁵¹ Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

⁵² Rýnihópaviðtal við deildarstjóra, viðtal við leikskólastjóra.

Matsþáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um umbætur	Ábyrgð/endurmat
Mat á álagi og hávaða í starfinu – hvað veldur og hvað er hægt að gera?	AGN: Allir fylltu út matslista um; hegðun barna-ígrundun kennara, og niðurstöður nýttar fyrir hverja deild. Matsvinna um álag og hávaða í starfi út frá 4 þáttum, skipulagi, starfsmönnum, börnum og umhverfi/aðbúnaði. Sjá samantekt í matsmöppu.	Kaupa dúka og undirlag á öll borð, setja svokölluð hljóðmerki á borðin fyrir börnin, endurnýja tappa undir stólum, skipulagsbreytingar á deildum sem draga úr árekstrum og ýmsum hávaðaorsökum, breyta skipulagi í forstofu	Skólastjóri sér um innkaup – hver deild sér um sitt skipulag og deildarstjórar virkja breytingu í forstofu
Hávaðamæling Vinnueftirlits	Ekki fékkst fjármagn frá skóladeild til verksins	Fært til næsta skólaárs	Skólastjóri
Meta færniskemu barna og félagslega námskrá	Færniskemu og félagslega námskráin eru notuð í árlegum samtölum við foreldra	Deildarstjórar fara yfir hvernig gengur og styðja hópstjóra ef þarf	Hópstjórar og deildarstjórar
Samvinna milli deilda	Börnin fari í heimsóknir/val milli deilda Starfsmenn fara milli deilda:	Skipulagið skoðað og rými fundið fyrir þessar stundir Átti að byrja eftir áramót en var dregið til baka vegna mikilla veikinda og álags	Deildarstjórar Skólastjórar og skoðað að nýju vorönn 2014
Aðalnámskrá: Umræða um grunnstoðir og námsleiðir	Eftir kynningu og umræður þar sem rýnt var í efnið, hugtök o.fl. var farið í hópavinnu og rætt var nánar um námskrá skólans og hún skoðuð út frá nýrri aðalnámskrá	Ákveðið var að fara á fullt í námskrárvinnuna veturinn 2013 - 2014	Skólastjórnendur undirbúa og sjá um að verkefnið byrji haustið 2013 og verði unnin með AGN vinnubrögðum.

Styrkleikar

- Samstarf starfsfólks er metið.
- Skólaþróun er metin.
- Gerð er umbótaáætlun út frá niðurstöðum mats.
- Leikskólaráðgjafi metur innra starf leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Tækifæri liggja í því að virkja AGNið betur og þróa notkun þess.
- Leita leiða til að fá fram mat barna.
- Leita ætti leiða til að fá aðkomu foreldra að mati.

Mat á námi og velferð barna

Leikskólar eiga lögum samkvæmt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í slíku mati skal leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á og birta upplýsingar um það opinberlega.⁵³ Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber. Annars vegar er um að ræða innra mat sem framkvæmt er af leikskólanum sjálfum og hinsvegar er um að ræða ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta og menningamála eða annarra aðila.⁵⁴

Til að meta framfarir barna notar leikskólinn félagslega námskrám sem er hluti af matstækinu AGN, og fylgir hverju barni og er metin árlega. Einnig er fyllt út í færnissemu barna og þannig fylgst með framförum á milli ára.⁵⁵ Markmið AGNsins er að bæta skilyrði barna til náms og auka árangur með því m.a. að styrkja forsendur skóla til sjálfsmats og skólaþróunar. Félagsleg námskrá er hluti af AGNinu og hefur það markmið að meta félagslega stöðu hvers barns innan hópsins og líðan þess. Á hverju ári er farið yfir stöðu hvers barns og framfarir skoðaðar á milli ára. Farið er yfir niðurstöður með foreldrum í árlegu foreldrasamtali. Matið byggist á athugun þar sem fylgst er með barni í leik í nokkur skipti í nokkrar mínútur í senn. Þroskalýsing er ekki þroskamat, heldur er um að ræða tæki til aðstoðar við að gefa greinargóða heildarlýsingu á þroska hvers barns. Ekki er gert ráð fyrir að verið sé að bera barnið saman við fyrirframgefna staðla um hvað börn eiga að geta gert á ákveðnum aldri. Þroskalýsingin er hugsuð sem tæki til að taka mynd af þroska barnsins án þess að hafa nokkuð annað markmið en að lýsa því hvar barnið er stadd í þroska á ákveðnum tímabilum.

Styrkleikar

- Leikskólinn vinnur kerfisbundið mat á líðan og framförum barna með félagslegri námskrá, færnischema og skráningu í ferilmöppur.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Ekki hefur farið fram viðhorfskönnun meðal foreldra í leikskólum Akureyrar síðan árið 2011. Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að mikilvægt sé að náði samstarf, hlýja og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og skóla. Stefna skólans er að stuðla að góðu samstarfi strax í upphafi og gagnkvæmri samvinnu og trúnaður er forsenda þess að börnum líði vel í skólanum. Einnig kemur fram í skólanámskránni að foreldrar séu boðnir velkomnir til að fylgjast með og taka virkan þátt í leik og námi barnanna.⁵⁶ Leikskólinn hefur útbúið foreldrahandbók sem allir nýir foreldrar fá eintak af. Þar kemur fram sýn leikskólans, námskrá, kynning á aðalnámskrá, dagskipulagi og ýmsar hagnýtar upplýsingar.⁵⁷ Leikskólinn er með heimsíðu þar sem finna má greinargóðar upplýsingar og myndir úr starfsemi leikskólans.⁵⁸ Foreldrar eru boðaðir í samtali í afmælisránuði barnsins. Ef meira en sex mánuðir eru í afmælisdag barnsins frá því að það byrjar er foreldrum boðið í stutt samtali eftir einn til þrjú mánuði. Auk þess geta bæði foreldrar og starfsmenn óskað eftir samtali hvenær sem er ef þurfa þykir.⁵⁹ Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrasamtöl eru vel nýtt og upplýsandi en þó á spjallnótum.⁶⁰ Foreldrum er boðið á kynningarfund áður en börnin hefja leikskóladvöl sína. Þar fer leikskólastjóri yfir starfsemi leikskólans og þau atriði sem nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita við upphaf leikskólagöngu barnanna.⁶¹ Foreldrar fá samtali við deildarstjóra áður en barnið byrjar í aðlögun. Í rýnihópi foreldra er ánægja með þá aðkomu að starfi leikskólans sem þeim er boðið upp á. Börnin bjóða foreldrum sínum í morgunhressingu nokkrum sinnum á ári. Í boði er morgunmat og einnig útbúa börnin eitthvað góðgæti handa foreldrum.⁶² Foreldrum er boðið í grillveislu í maí/júní sem foreldrafélagið stendur

⁵³ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

⁵⁴ Aðalnámskrá leikskóla 2011:25.

⁵⁵ Matsskýrsla Tröllaborga 2012-2013.

⁵⁶ Skólanámskrá Tröllaborga.

⁵⁷ Foreldrahandbók Tröllaborga 2012.

⁵⁸ Heimasíða Tröllaborga

⁵⁹ Foreldrahandbók Tröllaborga 2012.

⁶⁰ Rýnihópaviðtal við foreldra.

⁶¹ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópaviðtal við foreldra.

⁶² Foreldrahandbók Tröllaborga 2012.

fyrir og vorsýning barna er í apríl/maí. Þá er foreldrum boðið að koma og skoða ýmislegt sem unnið hefur verið að yfir veturinn og börnin eru með söng eða leikatriði. Aðstandendum barna er öðru hvoru boðið ýmist í morgun- eða síðdegiskaffi, auk jólaföndurs á aðventu.⁶³ Foreldrar fá mánaðardagatal í tölvupósti allt árið þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í starfsemi leikskólans hverju sinni. Á haustkynningu deilda er skóladagatal Tröllaborga kynnt. Í forstofu eru merktar upplýsingatöflur fyrir hverja deild og ein korktafla með sameiginlegum upplýsingum fyrir allar deildir. Fyrir framan hverja deild eru stuttar skráningar frá hópastarfi dagsins.⁶⁴

Að sögn leikskólastjóra fá allir nýir foreldrar kynningu á stefnu leikskólans og dyggðavinnunni.⁶⁵ Einnig fer dyggðatröll heim með börnunum reglulega og þar eru foreldrar hvattir til að skrifa í þar til gerða bók hvernig sú dyggð, sem unnið er með, birtist heima fyrir.⁶⁶ Í rýnihópi foreldra var sérstök ánægja með dyggðatröllið og töldu foreldrar það mikið ævintýri að fá tröllið heim. Foreldrar þekktu þó ekki mjög vel stefnu leikskólans, ef frá er talin dyggðavinnan, en nefndu einnig virðingu.⁶⁷ Ekki hefur verið gerð foreldrakönnun í leikskólanum síðan 2011.

Foreldraráð og foreldrafélag

Í leikskólanum er starfandi foreldraráð í samræmi við 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskóla.⁶⁸ Á heimasíðu leikskólans má sjá hverjir sitja í ráðinu og þar eru einnig birtar fundargerðir og starfsreglur ráðsins, auk þess sem það kemur fram í foreldrahandbók leikskólans.

Foreldrafélag leikskólans hefur starfað frá árinu 2005 og er starfsemi þess í nokkuð föstum skorðum. Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð barna og starfsfólks í Tröllaborgum og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barna og starfsfólks er þar starfar. Stjórn félagsins skipa fimm til átta fulltrúar foreldra/forráðamanna, þar af er formaður og fjórir meðstjórnendur. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn en formaður á árlegum aðalfundi.⁶⁹ Helstu verkefni foreldrafélagsins hafa verið að kaupa jólagjafir fyrir litlu jólin og koma að jólaballi og vorhátíð leikskólans. Einnig styrkir félagið leikskólann til bóka- og leikfangakaupa eins og fjárhagur leyfir. Fundargerðir, stefnuskrá og starfsreglur eru aðgengilegar á heimasíðu.⁷⁰ Starfsreglur eru einnig í foreldrahandbók leikskólans.⁷¹

Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólinn er í samstarfi við Giljaskóla sem er hverfissskóli Tröllaborga. Áætlun varðandi samstarfið er að finna í skólanámskrá Tröllaborga.⁷² Hópstjórar fara með elstu börn leikskólans í heimsókn í grunnskólann þar sem þau taka þátt í kennslustund, nestistíma og frímínútum. Leikskólinn fær fyrsta bekk Giljaskóla í heimsókn í Tröllaborgir þar sem grunnskólabörnin eru með í leik og starfi. Elstu börnunum, Tröllahópi, er boðið á árhátíð Giljaskóla að sjá leikrit sem fyrsti bekkur sýnir. Einnig fara börn frá báðum skólastigum saman í vettvangsferð ef tækifæri gefst.⁷³ Í rýnihópi foreldra er ánægja með gott samstarf skólastiganna en gagnrýni kom fram á það fyrirkomulag að einungis er samstarf við einn skóla. Leikskólinn stendur á mörkum þriggja hverfa og þar eru börn sem munu fara í aðra grunnskóla og mætti huga að kynningu á þeim.⁷⁴

⁶³ Rýnihópaviðtal við foreldra.

⁶⁴ Foreldrahandbók Tröllaborga 2012.

⁶⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

⁶⁶ Rýnihópaviðtal við foreldra, við deildarstjóra og við starfsmenn.

⁶⁷ Rýnihópaviðtal við foreldra.

⁶⁸ Foreldrahandbók Tröllaborga 2012.

⁶⁹ Foreldrahandbók Tröllaborga 2012.

⁷⁰ Heimasíða Tröllaborga.

⁷¹ Foreldrahandbók 2012.

⁷² Skólanámskrá Tröllaborga.

⁷³ Heimasíða Tröllaborga.

⁷⁴ Rýnihópaviðtal við foreldra.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er lögð áhersla á traust milli leikskóla og foreldra.
- Leikskólinn hefur gert foreldrahandbók fyrir nýja foreldra.
- Vel er staðið að upplýsingum til foreldra.
- Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag.
- Áætlun er til yfir samstarf leikskóla og grunnskóla.

Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að því að öll börn fengju að fara í heimsókn í þann skóla sem þau koma til með að ganga í.

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar veitir þjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum, lögum um málefni fatlaðs fólks, grunnskólalögum og lögum um leikskóla.⁷⁵ Leikskólastjóri er ánægður með samskipti við skóladeildina en telur þó þörf á því að sérkennslumál hjá Akureyrarbæ verði tekin til endurskoðunar. Leikskólastjóri telur að leggja þurfi meiri áherslu á forvarnavinnu vegna barna og fjölskyldna með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir að vandi barna vaxi eftir því sem þau eldast. Langt er síðan stefna bæjarins hefur verið endurskoðuð, að sögn leikskólastjóra. Foreldrar fá kynningu á sérfræðipjónustu Akureyrarbæjar í upphafi skólaárs. Foreldrar leikskólabarna geta leitað til leikskólaráðgjafa með mál tengd börnum og leikskóladvöl þeirra.

Sérkennslustjóri leikskólans getur leitað ráða hjá leikskólaráðgjafa á skólaskrifstofu og sálfræðingj sérfraðipjónustu á fjölskyldudeild eftir þörfum. Mánaðarlegir fundir eru með sérkennsluráðgjafa skólaþjónustu og sérkennslustjórum leikskólanna. Sá hópur hefur einnig heimasíðu þar sem gögnum og fróðleik er deilt og telur sérkennslustjóri að mikill stuðningur sé fólgin í þessu fyrirkomulagi.⁷⁶

Aðstoðarleikskólastjóri gegnir 50% stöðu sérkennslustjóra innan leikskólans og sinnir ýmsum beiðnum frá deildarstjórum og kennurum vegna barna sem þeir hafa áhyggjur af vegna hegðunar, málþroskaraskana og ýmissa annarra mála. Í ársskýrslu leikskólans kemur fram að þörfum hvers barns sé mætt í gegnum námsaðlögun í leik og starfi. Námsaðlögun vísar til þess að fjölbreyttum þörfum barna er mætt í almennu umhverfi þar sem þau eru að leik og störfum í félagi við önnur börn.⁷⁷ Að sögn sérkennslustjóra gengur það að mestu upp en það komi þó fyrir að þarfir barnanna séu þess eðlis að það þjóni betur þörfum þeirra að vera í einstaklingsþjálfun. Einn drengur er nú í slíkri þjálfun og er unnið með skipulagða kennslu (TEACCH). Leikskólastjóri og deildarstjórar voru sammála um að ávallt væri haft að leiðarljósi að taka ekki börn út úr hópnum vegna sérkennslu nema öðrum börnum væri boðið með.⁷⁸ Sérkennslustjóri sagði að gott væri ef ferlar innan leikskólans varðandi sérkennslumál væri skriflegir og er ætlunin að endurskoða sérkennslumál leikskólans eftir áramót.

Ef grunur vaknar um að um einhverskonar þroskafrávik sé að ræða hjá barni leitar deildarstjóri til sérkennslustjóra og strax er farið að vinna sérstaklega með barnið. Þegar deildarstjórar óska eftir aðstoð sérkennslustjóra fylla þeir út sérstakt eyðublað. Sérstakt tilvísunareyðublað er sent til fjölskylduþjónustu Akureyrarbæjar. Leikskólastjóri ber ábyrgð á endurskoðun sérkennslumála leikskólans ásamt sérkennslustjóra. Eftir u.þ.b. þrjá mánuði er farið yfir stöðuna og skoðað hvort óska þarf eftir sérstakri greiningu sérfræðings og getur ferlið tekið allt upp í hálf ár. Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Leikskólinn fær úthlutað sérkennslutímum frá skóladeild og ákveðin aðilar sinna þeim börnum innan leikskólans. Þessir ferlar eru ekki skráðir.⁷⁹

⁷⁵ Heimasíða Akureyrarbæjar.

⁷⁶ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁷⁷ Ársskýrsla leikskólans 2011-2012.

⁷⁸ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

⁷⁹ Viðtal við sérkennslustjóra.

Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá með öll börn sem fá sérstaka aðstoð eða þjálfun í kjölfar greiningar og er slík námskrá unnin af og á ábyrgð deildastjóra. Öll börn sem þarfnast sértækrar málörvunar eru einnig með einstaklingsnámskrá. Foreldrar eru ekki með í gerð hennar, að sögn sérkennslustjóra, en farið er yfir hana með foreldrum og verkefni heimilis og skóla samræmd.⁸⁰

Upplýsingar um sérfræðiþjónustu er að finna á heimasíðu fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar og að mati sérkennslustjóra er stefna leikskólans að setja upplýsingar um sérfræðiþjónustu innan leikskólans sem utan á heimasíðu leikskólans. Nú þegar er unnið að því að gera allar upplýsingar aðgengilegri, ekki síst fyrir starfsfólk leikskólans. Gott samstarf er við heilsugæsluna og fer fjögurra ára skoðun fer fram í leikskólanum og segir sérkennslustjóri það mikinn kost. Í viðtali við sérkennslustjóra kom einnig fram að einu gögnin sem fylgja barninu upp í grunnskóla eru niðurstöður úr Hljóm2 sem metur hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans.⁸¹

Styrkleikar

- Aðgangur leikskólans, barna og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við
- ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Góð samvinna er á milli leikskólans og skóladeildar bæjarins.
- Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá með öll börn sem fá sérstaka aðstoð eða þjálfun í kjölfar greiningar. Þörfum hvers barns er mætt í gegnum námsaðlögun í leik og starfi.
- Sérkennslustjóri með menntun í sérkennslufræðum starfar í 50% starfi við leikskólann.
- Gott samstarf er við heilsugæslu bæjarins.

Tækifæri til umbóta

- Auka mætti aðkomu foreldra við gerð einstaklingsnámskrár.
- Stefna ætti að því að gera skriflega stefnu í sérkennslumálum fyrir leikskólann.

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi leikskólans Tröllaborga: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektaraðila sett fram á sama hátt.

Helstu styrkleikar leikskólans Tröllaborga

- Leikskólinn starfar samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem samræmist hornsteinum í skólastefnu Akureyrarbæjar.
- Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barna.
- Lögð er áhersla á að efla félagsfærni og styrkja börnin til að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

⁸⁰ Viðtal við sérkennslustjóra

⁸¹ Viðtal við sérkennslustjóra.

- Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- Húsnæði leikskólans er rúmgott fyrir börn og starfsfólk og vel nýtt.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann.
- Skólanámskrá leikskólans er mjög aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Hugmyndafræði og stefna leikskólans er vel sýnileg í starfi leikskólans.
- Allir starfsmenn koma að endurskoðun námskrár.
- Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samvinna stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins er góð og þessir aðilar funda reglulega.
- Skrifleg starfslýsing er til fyrir aðstoðarleikskólastjóra.
- Ákvarðanataka er í höndum leikskólastjóra og stjórnendateymis.
- Að flestu leyti ríkir sátt um stjórnun leikskólans.
- Til er skipurit fyrir leikskólann.
- Allir starfsmenn fara reglulega í starfsþróunarsamtal.
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans.
- Fundir eru vel undirbúnir og fundargerðir ritaðar.
- Lögð er áhersla á umhyggju í starfi með öllum börnum.
- Eldri börnin fá æfingu í sjálfstyrkingu og öryggi.
- Leikskólinn er vel búinn leiktækjum, efniviði og bókakosti.
- Börnin eru glöð og áhugasöm.
- Áhersla er á góða líðan barna.
- Foreldrum finnst vel fylgst með framförum barna.
- Andrúmsloft leikskólans er afslappað og þægilegt.
- Stöðugt er rýnt í starfshætti innan leikskólans og leitað leiða til úrbóta ef með þarf. Vel hefur tekist að virkja allan starfsmannahópinn í lausnaleyti með aðferðum AGNsins.
- Dyggðir leikskólans sjást í öllum þáttum starfsins.
- Sérstakar aðgerðir eru í gangi til að bæta starfsanda í leikskólanum.
- Samstarf starfsfólks er metið.
- Skólaþróun er metin.
- Gerð er umbótaáætlun út frá niðurstöðum matsins.
- Leikskólaráðgjafi metur innra starf leikskólans.

- Leikskólinn gerir kerfisbundið mat á líðan og framförum barna.
- Í skólanámskrá er lögð áhersla á traust milli leikskóla og foreldra.
- Vel er staðið að upplýsingum til foreldra og leikskólinn hefur gert foreldrahandbók fyrir nýja foreldra.
- Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag.
- Áætlun er til yfir samstarf leikskóla og grunnskóla.
- Aðgangur leikskólans, barna og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 584/2010 og 986/2010
- Góð samvinna er á milli leikskólans og skóladeildar Akureyrarbæjar.
- Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir börn með skilgreindan stuðning.
- Þörfum hvers barns er mætt í gegnum námsaðlögun í leik og starfi.
- Sérkennslustjóri með menntun í sérkennslufræðum starfar í 50% starfi við leikskólann.
- Gott samstarf er við heilsugæslu bæjarins.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að bæta aðstæður á útileiksvæði yfir vetrartímann.
- Huga þarf að aðkomu foreldra og barna við gerð nýrrar skólanámskrár.
- Setja þarf skriflega ferla varðandi sérkennslu innanhúss.
- Gera þarf skriflega verkferla um ákvarðanatöku innan leikskólans.
- Leita mætti leiða til að auka frjálst flæði barna í leik.
- Huga mætti að meira sjálfræði elstu barnanna í skapandi starfi.
- Skoða mætti hvort frjálsi leikurinn fái nægilegt rými í dagskipulaginu.
- Skoða mætti hvort leikskólinn ætti að setja sér sérstaka jafnréttisstefnu.
- Æskilegt væri að gera viðhorfskönnun meðal starfsmanna.
- Tækifæri liggja í því að virkja AGNið betur og þróa notkun þess.
- Leita ætti leiða til að fá fram mat barna á leikskólastarfinu.
- Leita ætti leiða til að fá aðkomu foreldra að innra mati.
- Huga mætti að því að öll börn fengju að fara í heimsókn í þann skóla sem þau koma til með að ganga í.
- Auka ætti aðkomu foreldra að gerð einstaklingsnámskrár.
- Stefna ætti að því að leikskólinn hafi skriflega stefnu í sérkennslumálum.
- Ljúka þarf við gerð nýrrar skólanámskrár fyrir árið 2015.
- Æskilegt væri að hafa skriflegar starfslýsingar fyrir alla starfsmen leikskólans.

Lokaorð

Leikskólinn Tröllaborgir starfar í anda hugmyndafræði lífsleikinnar sem hefur frá upphafi verið leiðarljós í starfi leikskólans. Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum sýnir að mati matsmanna að unnið er samkvæmt þeirri stefnu og sýn leikskólans sem fram kemur í skólanámskrá og starfsáætlun. Áhrif dyggðakennslunnar kom fram í öllum samskiptum starfsmanna við börnin, börnin eru glöð og sjálfsörugg og sýna hvert öðru hjálpssemi. Foreldrar í rýnihópi staðfestu að þessi áhrif bærust inn á heimilin. Lögð er áhersla á umhyggju fyrir hverju barni og reynt að mæta hverjum og einum á hans forsendum. Starfið og starfsumhverfið stuðlar að alhliða þroska og námi barnanna og foreldrar eru ánægðir með starfsaðferðir leikskólans. Meðal starfsmanna ríkir mikill metnaður til að vinna gott leikskólastarf og starfsandi einkennist af áhuga og gleði.

Heimildir

Ársskýrsla Tröllaborga.

Dagskipulag

Foreldrahandbók Tröllaborga

Foreldrahandbók Tröllaborga.

Greinargerð um innra mat

Gögn frá leikskólastjóra.

Heimasíða Akureyrarbæjar.

Heimasíða Tröllaborga.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Matsáætlun

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 með breytingum nr. 986/2010

Rósa G. Eggertsdóttir og Jórunn Elísdóttir. (2007). *Skýrsla um þróunarstarf í leikskólanum Tröllaborgum á Akureyri 2006–2007.*

Rýnihópur barna.

Rýnihópur deildarstjóra.

Rýnihópur foreldra.

Rýnihópur starfsmanna.

Símenntunaráætlun

Skólanámskrá Tröllaborga.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Starfsáætlun Tröllaborga 2013-2014.

Umbótaáætlun

Viðtal við leikskólastjóra

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra/sérkennslustjóra.

Viðtal við formann skólanefndar.

Önnur gögn sem leikskólinn lagði fram.

